

**Nd.**

**SS. Frumvarp**

til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norður-álfuófriðnum.

Frá Dýrtiðarnefndinni.

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðshönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum.
3. Að taka ennfremur alt að 1 miljón króna lán til slíkra kaupa.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á aðfluttum vörum, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt. Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi til næstu erlendrар hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og íslensk fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra afurða, þar á meðal kjöts, fiskjar, fugla, lifandi hesta, lifandi sauðfjár, ullar o. s. frv.

Landsstjórnin getur gefið undanþágur undan slíkum útflutningsbönnum og meðal annars bundið slíkar undanþágur skilyrðum, er hún telur nauðsynleg til þess að tryggja landsmönnum nægar birgðir af umræddum afurðum.

Ennfremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi.

Ennfremur heimilast landsstjórninni að leggja bann við tilbúningi verslunarvöru, sem nauðsynleg matvæli eru notuð til, án þess að verslunarvaran sjálf geti talist til nauðsynjavöru.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum eða teknar eignarnámi, og hvernig skuli selja þær.

5. gr.

Landsstjórnin ákveður með reglugerð eða reglugerðum, ef þörf þykir, hvernig framkvæma skuli ráðstafanir þær, er hún gerir samkvæmt lögum þessum og má verja til þess fje úr landssjóði, ef með þarf.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild 3. gr. laganna, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn og fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og þörf á vissum vörutegundum, er henni þykir þurfa til að mynda sjer álit um vöruþörfina á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta þings, nema löggjafarvaldið geri aðrar ráðstafanir.